



Íbúðalánasjóður

Samningur um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði

Samningur um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði

Íbúðalánasjóður, kt. 661198-3629 og XXXXXXXX, kt. xxxxxx-xxxx, hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér svofelldan samning um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir hafa verið við aðra aðalmiðlara og dagsettir eru sama dag og samningur þessi.

Markmið þessa samnings er að treysta verðmyndun á íbúðabréfum og stuðla að auknum seljanleika þeirra á eftirmarkaði.

1. gr.

Útboð Íbúðabréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

Útboð á íbúðabréfum verða haldin eftir þörfum þar sem viðmið er útgáfuáætlun Íbúðalánasjóðs. Útboð verða tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX á Íslandi.

Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum Íbúðalánasjóðs.

2. gr.

Skyldur aðalmiðlara í útboðum

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 600 milljónir króna að nafnverði í hverju útboði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilamála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina flokka íbúðabréfa. Ef útboð verða fleiri en tvö í sama mánuði falla niður skuldbindingar aðalmiðlara við að leggja fram tilboð í útboðum umfram fyrstu tvö útboðin.

3. gr.

Skyldur aðalmiðlara á eftirmarkaði

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í NASDAQ OMX á Íslandi í þá flokka íbúðabréfa sem tilgreindir eru í 5. gr.

Tilboð skulu vera að lágmarki 100 milljónir króna að nafnverði í hverjum flokki. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í NASDAQ OMX á Íslandi innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Ef aðalmiðlari á viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir 500 milljónir króna að nafnverði í tilteknum flokki (viðskipti tilgreind „AUTO“) er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða í þeim flokki þann dag. Forsenda fyrir því að aðalmiðlari megi víkja frá neðangreindum hámarksmun, er að 300 m.kr. viðskipti í viðkomandi flokki eigi sér stað með þeim hætti að gengið hafi verið að framlögðum tilboðum viðkomandi aðalmiðlara.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða í þeim flokkum sem tilgreindir eru í 5. gr. má vera:

Flokkur	Hámarksmunur
HFF150224	0,50%
HFF150434	0,65%
HFF150644	0,80%
Nýr flokkur	

Aðalmiðlari heimilar Íbúðalánasjóði aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í NASDAQ OMX á Íslandi um þá flokka íbúðabréfa sem samningur þessi tekur til. Frá og með 1. október 2010 féllu niður skyldur aðalmiðlara við að leggja fram sölutilboð í flokkinn HFF150914 en kauptilboð skal leggja fram.

Verði nýr flokkur stofnaður á gildistíma samningsins, verður gerður viðauki vegna hans við þennan samning hvað varðar hámarksmun.

4. gr.

Greiðsla og útreikningur þóknunar

- i) Viðskiptavakt: Íbúðalánasjóður greiðir aðalmiðlara veltutengda þóknun ársfjórðungslega á samningstímanum. Þóknunin er reiknuð af markaðshlutdeild aðalmiðlarans í viðskiptum allra aðalmiðlara í NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti merkt "AUTO") með þá flokka sem tilgreindir eru í 5.gr. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta aðalmiðlara en ekki viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Í hverjum ársfjórðungi eru 20,0 m.kr. til ráðstöfunar fyrir alla viðskiptavaka og skal greiða þóknun innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.
- ii) Útboð íbúðabréfa: Íbúðalánasjóður greiðir aðalmiðlara 0,175% þóknun af markaðsvirði tekinn tilboða á uppgjörstegi útboðsins.

5. gr.

Flokkar íbúðabréfa

Samningurinn nær til eftirfarandi flokka íbúðabréfa:

Flokkur	ISIN nr.
HFF150914	XS0205348427
HFF150224	XS0195066146
HFF150434	XS0195066575
HFF150644	XS0195066658
Nýr flokkur	Óþekkt

6. gr.

Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Íbúðalánasjóður, að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn aðalmiðlara, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

7. gr.

Samskipti og upplýsingagjöf

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Íbúðalánasjóð. Íbúðalánasjóður heldur fundi með aðalmiðlurum þegar hann telur þörf á.

8. gr.

Fyrirgreiðsla til aðalmiðlara

Íbúðalánasjóður veitir aðalmiðlurum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og gildir til sama tíma og hann. Fyrirgreiðslan felst í því að aðalmiðlarar mega einir taka íbúðabréf að láni tímabundið, gegn tryggingu.

9. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi, og viðauki við hann tekur gildi 1. júlí 2011 og gildir til 30. júní 2012. Báðum aðilum er þó heimilt að segja honum upp með 30 daga fyrirvara á samningstímanum. Telji annar samningsaðila að samningurinn hafi verið brotinn og brotið sé alvarlegt, getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Uppsögn skal þó tilkynnt gagnaðila skriflega tafarlaust. Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu íbúðabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Samningsaðilar eru sammála um að hefja endurskoðun á samningi þessum eigi síðar en 1. maí 2012.

Reykjavík, 15. júní 2011

Íbúðalánasjóður

XXXXXXXXXXXXXXXXX.

Vottar:
